

SEL I hs.

Árshlutareikningur 30. júní 2025

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

SEL I hs. er sérhæfður hlutdeildarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 45/2020 um sérhæfða sjóði. Hann var stofnaður árið 2024 og tilgangur sjóðsins er að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af innlendum fjármálastofnunum og afleiðum tengdum við hlutabréfavísitölur til þess að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út.

Árshlutareikningur sjóðsins SEL I hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Rekstur sjóðsins er í höndum Stefnis hf. og vísunum við í árshlutareikning Stefnis hf. varðandi frekari upplýsingagjöf stjórnar.

Hagnaður USD 3 varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í júnílok 2025 nam USD 107 samkvæmt efnahagsreikningi.

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2025 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2025

Í stjórn:

Jón Óttar Birgisson, stjórnarformaður
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, meðstjórnandi
Kristín María Dýrfjörð, meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri:

Jón Finnbogason

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í SEL I hs.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning SEL I hs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2025. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2025 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Kópavogi, 27. ágúst 2025

Deloitte ehf.

Gunnar Þorvarðarson

endurskoðandi

Árshlutareikningur SEL I hs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2025 (1)

		1.1. -30.6. 2025	1.1. -30.6. 2024
Skýr.			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2-5		
Vaxtatekjur		10.824	11.843
Vaxtagjöld		(2.904.527)	(160.429)
Virðisbreyting verðbréfa		2.956.365	162.662
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals		<u>62.662</u>	<u>14.076</u>
Rekstrargjöld			
Umsýslupóknun rekstraraðila	6	52.069	13.770
Annar rekstrarkostnaður		10.590	305
Rekstrargjöld samtals		<u>62.659</u>	<u>14.075</u>
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u>3</u>	<u>1</u>

1) Sjóðurinn var stofnaður í maí 2024

Efnahagsreikningur 30. júní 2025 (1)

		30.6.2025	31.12.2024
	Skýr.		
Eignir			
Fjárfestingar:			
Verðbréf með föstum tekjum	7	21.956.408	21.310.784
Afleiður	8	13.262.970	11.004.061
	Fjárfestingar samtals	35.219.378	32.314.845
Aðrar eignir:			
Handbært fé	9	314.681	386.502
Aðrar eignir	10	0	67
	Aðrar eignir samtals	314.681	386.569
	Eignir samtals	35.534.059	32.701.414
Skuldir			
Útgefin skuldabréf	13	35.219.054	32.314.527
Skuldir við tengd félög		775	18.538
Aðrar skuldir	11	314.122	368.245
	Skuldir samtals	35.533.951	32.701.310
Hrein eign í lok tímabilsins		107	104
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina		100	100
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins		1,07	1,04

1) Sjóðurinn var stofnaður í maí 2024

Yfirlit um breytingu á hreinni eign 1. janúar - 30. júní 2025 (1)

	1.1. -30.6. 2025	1.1. -30.6. 2024
Skýr.		
Hrein eign í byrjun árs	104	0
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini	3	1
Fjármögnunarahreyfingar:		
Seld hlutdeildarskírteini	0	100
Fjármögnunarahreyfingar	0	100
Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins	107	101

1) Sjóðurinn var stofnaður í maí 2024

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum útgefnum af innlendum fjármálastofnunum og afleiðum tengdum við hlutabréfavísitölur til þess að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út.

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur SEL I hs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningur er gerður í dollurum og eru fjárhæðir birtar í dollurum.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði árshlutareikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í öðrum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í USD á kaupgengi í júnílok 2025 skv. gengisveitu Reuters. Rekstrartekjur og rekstargjöld í öðrum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við umreikning eigna er færður í rekstrarreikning.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

6. Umsýslubóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýslubóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstraraðilans, endurskoðun, markaðskostnað og umsýslu. Umsýslubóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,35% af heildar nafnvirði útgefinna skuldabréfa sjóðsins.

Vísað er til skýringar 12 í árshlutareikningi Stefnis hf., þar sem gerð er grein fyrir öllum launum og launatengdum gjöldum starfsmanna Stefnis, bæði föstum og breytilegum ásamt fjölda starfsmanna.

Hægt er að nálgast árshlutareikning Stefnis á vefnum www.stefnir.is.

7. Verðbréf með föstum tekjum

Sjóðurinn fjárfestir í óskráðu skuldabréfi.

Bréfin eru færð í bókhald sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við áfallna vexti á hverjum tíma.

8. Afleiður

Afleiður eru fjármálasamningar, þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikning á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna, sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningur er gerður og eftir það á gangvirði hverju sinni. Gangvirði miðast við markaðsverð á virkum mörkuðum og tekur tillit til nýlegra markaðsviðskipta og viðurkenndra matsaðferða, sem meðal annars eru afvöxtuð sjóðsflæðislíkön og virðislíkön valréttarsamninga eftir því sem við á.

9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

10. Aðrar eignir

Til annarra eigna teljast óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávík á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra eigna.

Skýringar, frh.:

11. Aðrar skuldir

Til annarra skammtímaskulda telst úppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin og úppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til hækkunar við gengisútreikning til annarra skulda.

12. Skattamál

Sérhæfðir sjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

13. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins sem summa annars vegar uppreiknaðs virðis skuldabréfa sem sjóðurinn hefur fjárfest í miðað við áfallna vexti (þannig að virði þess á lokagjaldþaga stemmi við stuðla í skilmálum útgefnu skuldabréfanna) og hins vegar gangvirðis kaupréttarsamnings út frá virðislíkani valréttasamninga. Greiðsluflæði skuldabréfsins er þannig að það ber einungis einn gjaldþaga, aðeins við lokagjaldþaga höfuðstóls.

Greiðslur af skuldabréfi í júnílok 2025:

	Virði
Til greiðslu 2026	0
Til greiðslu 2027	35.219.054
	<u>35.219.054</u>

Nafnávöxtun skuldabréfsins SEL 1 27 12 greinist þannig:

	2025	2024
Nafnávöxtun (1)	17,40%	7,72%

14. Hlutdeildarskírteini - bókfært virði og gengi

Bókfært virði hlutdeildarskírteina og kaupgengi hlutdeildarskírteina greinist þannig:

	30.6.2025	31.12.2024
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina	107	104
Kaupgengi hlutdeildarskírteina	1,07	1,04

15. Hlutdeildarskírteini - ávöxtun

Nafnávöxtun greinist þannig:

	2025	2024	2023	2022
Nafnávöxtun (1)	3,15%	3,89%	-	-

16. Eignir - hlutföll

Hlutföll eigna sjóðsins greinast þannig:

	30.06.2025	31.03.2025	31.12.2024
Skuldabréfaeign í flokknum ARION 27 1217	61,79%	70,26%	65,17%
Afleiðusamningur	37,32%	28,61%	33,65%
Handbært fé	0,89%	1,14%	1,18%
	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>	<u>100,00%</u>

1) Sjóðurinn var stofnaður í maí 2024